



Fundargerð fræðslunefndar 5. desember 2019

Fundargerð fræðslunefndar 5. desember 2019

Fundur haldinn í fræðslunefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 5. desember 2019 kl. 12:10 í Vopnafjarðarskóla.

Mætt voru Einar Björn Kristbergsson, Hjörtur Davíðsson, Dorota J. Burba, Sigurpóra Hauksdóttir og Freyja Sif Bárðardóttir og Aðalbjörn Björnsson skólastjóri. Fundargerð ritaði Einar Björn Kristbergsson.

1. Málefni grunnskólans

Aðalbjörn fór yfir skólanámsskrá og starfsáætlun Vopnafjarðarskóla sem nefndarmenn höfðu áður fengið til yfirferðar og athugasemda og voru þær samþykktar samhljóða. Aðalbjörn greindi nefndarmönnum frá því að n.k laugardag verður 90 ára afmæli Einherja haldið í skólanum og munu nemendur koma að afmælinu með söng og einnig aðstoða við undirbúning.

2. Reglur um námsstuðning starfsmanna Vopnafjarhrepps

Farið var yfir drög að reglunum og þær ræddar fram og til baka. Fræðslunefnd leggur til að formaður nefndarinnar, skólastjórnendur leik- og grunnskóla ásamt skrifstofustjóra hittist og fari yfir málin.

3. Önnur mál

Formaður greindi nefndarmönnum frá því að hann fundað ásamt leikskólastjóra með sveitarstjóra og forstöðumanni áhaldahúss um stöðu mála varðandi framkvæmdir á lóð leikskólans.

Fundi slitið kl. 13:00